



BA ritgerð

Sagnfræði

Vanlíðan, sendibréf og sjálfsmyndir

Sendibréf Þorláks Jónssonar frá Gautlöndum

Daníel Godsk Rögnvaldsson

Leiðbeinandi Erla Hulda Halldórsdóttir
Október 2020



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Vanlíðan, sendibréf og sjálfsmyndir

Sendibréf Þorláks Jónssonar frá Gautlöndum

Ritgerð til B.A.-prófs

Daníel Godsk Rögnvaldsson

Kt.: 061194-3209

Leiðbeinandi: Erla Hulda Halldórsdóttir

September 2020

Ágrip

Í ritgerðinni er fjallað um andlega líðan og sjálfsmyndir sem birtast í sendibréfum Þorláks Jónssonar frá Gautlöndum til fósturmóður sinnar Jakobínu Jónsdóttur Thomsen. Bréfin voru skrifuð á árunum 1889-1897 á meðan Þorlákur stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla. Hafnarlífið svokallaða gat verið mikil viðbrigði fyrir íslenska stúdenta sem komu úr fámennu íslensku sveitasamfélagi. Ekki gekk öllum íslenskum stúdentum vel að fóta sig í stórborgarlífinu, en Þorlákur féll í síki í Kaupmannahöfn aðfaranótt aðfangadags 1897. Bréf Þorláks til Jakobínu tóku mið af því hvaða sess hún skipaði í lífi Þorláks og honum var mikið í mun að hún hefði ekki áhyggjur af sér. Þrátt fyrir það var hún sá ástvinur á Íslandi sem hann gat skrifað um málefni sem stóðu honum nærri, og er því hægt að greina breytingar á sjálfsmynd og andlegri vanlíðan í bréfum Þorláks til hennar.

Sjálfsmynd Þorláks sem birtist í bréfum hans til Jakobínu í upphafi náms í Kaupmannahöfn einkenndist af því að hann tókst sjálfsöruggur á við nýtt umhverfi eftir að hafa nýlega orðið fyrir foreldramissi. Hann hafði þó áhyggjur af ýmsu varðandi námsval, félagslíf og annað sem tengdist nýjum aðstæðum. Þjóðerni hans varð á sama tíma mikilvægur þáttur í sjálfsmynd hans. Honum varð ekki ágengt í náminu og neyddist til að gera hlé á náminu vegna peningaleysis árið 1895. Stuttu eftir að hann kom aftur til Kaupmannahafnar árið 1896 lést Grímur Thomsen fósturfaðir hans og við bættust áhyggjur af kjörum Jakobínu. Eftir endurkomuna má greina mikla andlega vanlíðan, og óöryggi varðandi sjálfsmynd Þorláks, sem skammaðist sín fyrir að hafa enn ekki náð prófi.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	3
2	Fræðilegt samhengi	6
2.1	Sendibréf.....	6
2.2	Sendibréf og sjálfsmyndir.....	7
2.3	Hafnarstúdentar við lok 19. aldar	8
3	Frá Gautlöndum til Lærða skólans	10
3.1	Uppruni og fyrstu æviár Þorláks.....	10
3.2	Harmasumar.....	12
4	Hafnarstúdent.....	13
4.1	Til Kaupmannahafnar	13
4.2	Sjálfsmynd í nýjum aðstæðum	15
4.3	Allt gott að fréttu úr Höfn	16
5	Hafnarlífið hefur betur.....	18
5.1	Garðstyrkur uppurinn og brottför frá Kaupmannahöfn	18
5.2	Aftur til Hafnar	19
5.3	Harmafregn að heiman	20
6	Niðurstöður.....	22
	Heimildaskrá.....	24

1 Inngangur

Íslenskir stúdentar stunda í dag háskólanám í Kaupmannahöfn í stórum stíl og feta þannig í fótspor forfeðra- og mæðra sinna sem sóttu bæinn heim á meðan hann var enn höfuðborg Íslendinga. Ekki var hægt að stunda nám að loknu prófi úr Latínuskólanum (síðar Lærða skólanum) fyrr en líða tók á 19. öldina og þá ekki nema í guðfræði og læknisfræði. Sitt sýndist hverjum um gæði náms í Prestaskólanum og nemendur Læknaskólans þurftu að taka kandídatárið sitt í Danmörku.¹ Í stað þess sóttu fjölmargir ungir karlmenn háskólanám sitt til Kaupmannahafnar. Í hundruð ára var Kaupmannahafnarháskóli eina raunhæfa leiðin fyrir metnaðarfulla unga íslenska karlmenn til að öðlast framhaldsmenntun og eiga þannig möguleika á að hreppa mikilsverð embætti þegar heim var komið.² Í hópi íslenskra Hafnarstúdenta má þannig finna marga helstu framámenn Íslendinga og meðal annars flesta forsvarsmenn íslensku sjálfstæðisbaráttunnar á 19. öld. Mikið hefur verið skrifað um íslenska Hafnarstúdenta sem urðu áberandi í þjóðlífi Íslendinga, svo sem Jón Sigurðsson forseta, Hannes Hafstein, Jónas Hallgrímsson og svo mætti lengi telja.

Á sama tíma og þessir synir Íslands áttu að sækja sér menntun til Kaupmannahafnar, koma heim með glæsibrag og verða atkvæðamiklir í íslensku samfélagi mátti greina nokkrar áhyggjuraddir um líf og líðan þeirra á meðan á náminu stóð. Aðalgeir Kristjánsson sem rannsakaði líf Hafnarstúdenta í bókinni, *Nú heilsar þér á Hafnarlóð*, taldi að lífsbaráttan hafi verið hörð og margir hafi lotið í lægra haldi fyrir fátækt, sjúkdómum eða „freistingum borgarglaumsins“.³ Einnig má nefna grein Ólafíu Jóhannsdóttur í *Ársriti* þá nýstofnaðs Hins íslenska kvenfélags þar sem hún ræðir hlutskipti íslenskra stúdenta á tilfinningaríkan hátt. Guðmundur Hálfðanarson kallar sjónarhorn Ólafíu þjóðlega mæðrahyggju, þ.e. að mæðrahlutverkið móti reynsluheim kvenna og tryggðin við þjóðina sé æðsta skylda hvernar móður.⁴ Markmið greinar Ólafíu var meðal annars að færa rök fyrir stofnun háskóla á Íslandi, en á sama tíma endurspeglar greinin ákveðna orðræðu í samfélaginu um Hafnarstúdenta. Hún gerir að umræðuefni sínu að margir þeirra sem stundi nám í Kaupmannahöfn komi brotnir heim aftur, frá

¹ Guðmundur Hálfðanarson, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*, bls. 35, 40-41.

² Guðmundur Hálfðanarson, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*, bls. 25-26.

³ Aðalgeir Kristjánsson, *Nú heilsar þér á Hafnarlóð*, bls. 384.

⁴ Guðmundur Hálfðanarson, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011*, bls. 51.

sjónarhorni móðurinnar að „hugsjónirnar væru horfnar, trúin á það sem hún hafði elskað og hafði kennt þeim að elska, var dáin“ eða hreinlega kæmu aldrei aftur heim.⁵

Premur árum eftir að grein Ólafíu birtist berast fregnir til landsins að enn einn hinna útvöldu Hafnarstúdenta hafi fallið í valinn í Höfn. Sá hét Þorlákur Jónsson og hafði svo sannarlega allt sem þurfti til að verða atkvæðamikill einstaklingur í íslensku þjóðfélagi. Hann var sonur alþingismannsins og bændahöfðingjans Jóns Sigurðssonar á Gautlöndum og eiginkonu hans Solveigar Jónsdóttur. Ungur var hann tekinn í fóstur til systur Solveigar, Karólínu Jakobínu Jónsdóttur Thomsen og eiginmanns hennar, skáldsins Gríms Thomsen á Bessastöðum.⁶

Þorlákur stundaði nám við Kaupmannahafnarháskóla frá haustdögum ársins 1889, með hléi, til dauðadags. Þorlákur stóð í reglulegum bréfaskiptum við vini og vandamenn heima á Íslandi þar sem hann ræðir Hafnarlífið og fær fréttir að heiman. Við fósturmóður sína Jakobínu ræddi hann persónulega líðan og málefni sem stóðu hjarta hans nærri. Þegar Grímur dó árið 1896 verða samskiptin einlægari og það fer að bera á gagnkvæmum áhyggjum af líðan hvors annars. Þorlákur huggar móður sína eins og best hann getur yfir hafið og setur ef til vill upp grímu áhyggjuleysis og bjartsýni. Á Þorláksmessu árið 1897 féll hann í síki í Kaupmannahöfn eftir að hafa farið út að skemmta sér.⁷

Í þessari ritgerð tek ég til skoðunar sendibréf Þorláks sem hann skrifaði Jakobínu frá Kaupmannahöfn á árunum 1890-1897. Markmiðið er að kanna hvernig sjálfsmynd Þorláks mótast og þróast í bréfunum og þá einkum hvernig merki um andlega vanlíðan og depurð birtast og breytast á þeim tíma sem um ræðir. Af bréfum Þorláks til Jakobínu hafa 38 varðveist, og sýna þau reynsluheim hans sem Hafnarstúdents og átök hans sjálfs við sjálfsmynd sína í mismunandi aðstæðum, eftir sigra og ósigra. Ég mun vinna út frá kenningum um að hægt sé að greina sjálfsmyndir (þó síbreytilegar séu) í gegnum sendibréf. Þar styðst ég einkum við rannsóknir sagnfræðingsins David Gerbers á sjálfsmynd innflytjenda frá Bretlandi í N-Ameríku á 19. öld. Gerber bendir á að óörygginu sem gat fylgt flutningunum vestur yfir haf gat fylgt þörf á að staðfesta sjálfsmynd sína við fólkið heima fyrir, þá jafnvel með því að fegra raunverulegar aðstæður og líðan. Í þessu samhengi bendir Gerber á að vesturfararnir áttu oft ástvin í gamla landinu sem þeir sendu reglulega bréf, eins og til að staðfesta að þeir væru enn þá þeir sömu og þeir hefðu verið í gamla landinu. Sjálfsmyndin stólar á staðfestingu á því að við erum sama

⁵ Ólafía Jóhannsdóttir, „Háskólamálið“, bls. 18-33.

⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Framfaravonir og veruleiki Jakobínu Jónsdóttur“, bls. 162-174.

⁷ Ísland „Ísland erlendis“, 2. febrúar 1898, bls. 18.

manneskja og við vorum.⁸ Bréf Þorláks til Jakobínu frá Kaupmannahöfn minna á slík bréfaskrif þar sem Þorlákur staðfestir sjálfsmynd sína í sífellu við Jakobínu.

Einnig eru notuð bréf til og frá Þorláki til annarra ástvina til þess að fá nákvæmari mynd af því samhengi sem bréfin eru sprottin úr, og þá sérstaklega í tvennum tilgangi. Annars vegar til að greina sjálfsmynd Þorláks áður en hann heldur út til Kaupmannahafnar og hins vegar til að bera saman bréf sem Þorlákur sendi öðrum en Jakobínu, til að greina mismunandi efnistöð eftir því hverjum bréf hans voru ætluð.⁹

Við þessa athugun styðst ég við verklag orðræðugreiningar, greini orðræðu og þrástef sem mynda ákveðin þemu og samhengi í bréfunum.¹⁰ Þögnin er ekki síður mikilvæg en það sem Þorlákur skrifar. Hverju Þorlákur sleppir að nefna úr bréfum sínum getur verið jafn veigamikil og það sem hann skrifar, þó að varast beri að seilast of langt í því að túlka þögnina. Þögn í sendibréfum getur stafað bæði af því að bréfin glatast eða vísitandi þögn bréfitara. Á mikilvægi þagnarinnar í sendibréfum bendir Erla Hulda Halldórsdóttir í grein sinni um samband Baldvins Einarssonar og Krístrúnar Jónsdóttur á þriðja áratugi 19. aldar. Erla Hulda sýnir þar fram á að Baldvin dregur það að senda Krístrúnu upplýsingar sem hún hafði rétt á þar til nánast er orðið um seinan.¹¹

Sendibréf eru merkileg heimild um sjálfsmyndunarsköpun einstaklinga, og þó að ekki beri að taka þeim sem fullkomnum sannleik, felst einmitt líka saga og sannleikur í því sem liggur á milli línanna. Í ljósi þess hversu vandmeðfarin heimild sendibréf geta verið hef ég leik á umfjöllun um heimildina sem slíka og heimfæri á bréfasafn Þorláks, ásamt því verður örstutt umfjöllun um sjálfsmyndir og sjálfsmyndasköpun í sendibréfum.

Umræða um depurð og þunglyndi ungra íslenskra karlmannna hefur reglulega skotið upp kollinum undanfarin misseri í fjölmiðlum. Það er þessi umræða í samfélaginu og persónulegur áhugi sem veldur því að þessi efnistöð eru tekin fyrir í ritgerðinni. Vansælir ungir íslenskir karlmenn eru ekki nýtt fyrirbæri. Það klæðist búningi síns tíma sem gerir það okkur sem nú lifum erfiðara að sjá. Umfang ritgerðarinnar, heimildirnar og skortur á sérþekkingu gefur mér þó ekki tilefni til þess að greina hvort að Þorlákur hafi sjálfur tekið sitt eigið líf, né greina hann með geðræna kvilla á borð við þunglyndi.

⁸ David A. Gerber, „Acts of Deceiving and Withholding in Immigrant Letters“, bls. 318.

⁹ Aðallega er hér um að ræða bréf Þorláks til Gríms Thomsen, ásamt bréfum til foreldra sinna fyrir andlát þeirra og einstaka bréf til systkina sinna, þau má líka finna í bréfasafni Þorláks, *Lbs.* 4959 4to. og bréfasafni Gríms Thomsen og Jakobínu Jónsdóttur Thomsen, *Lbs.* 4173 4to.

¹⁰ Ingólfur Ásgeirsson, „Leitað að mótsögnum“, bls. 178-195.

¹¹ Erla Hulda Halldórsdóttir, „The Narrative of Silence“, bls. 37-50.

2 Fræðilegt samhengi

2.1 Sendibréf

Heimildir sem Hafnarstúdentar skilja eftir sig eru af margvíslegum toga, sumir skrifuðu dagbækur, birtu greinar eða ljóð. Allir áttu þeir það sameiginlegt að skrifa bréf. Bréfaskriftir voru þeim bráðnauðsynlegar, ekki bara sem tæki til að fá aðstoð og fréttir að heiman heldur einnig til að viðhalda tengslum við fjölskyldu og vini og gera grein fyrir lífi og lærdómum í Kaupmannahöfn. Um sendibréf hafa verið gerðar fjölmargar rannsóknir og þau sömuleiðis notaðar sem heimildir á margvíslegan hátt.¹² Það er auðvelt að sjá af hverju, yfirleitt eru þau sneisafull af upplýsingum um lífið og tilveruna, tilfinningar og hversdagslega hluti. Þrátt fyrir þann fjársjóð af upplýsingum sem þau innihalda ber þó að hafa þó nokkra varnagla í huga þegar þau eru notuð við rannsóknir.

Sendibréf fela það í sér að það er alltaf einhver viðtakandi. Bæði hefur það hver viðtakandinn er áhrif á efnistökin og svo sú staðreynd að bréfskrifari getur ekki gert ráð fyrir að viðtakandinn sé sá eini sem les bréfið. Upplýsingum sem síður mega líta dagsins ljós er þess vegna oft haldið leyndum þar til aðilarnir hittast. Sú er hins vegar ekki raunin þegar bréfskrifarar búa langt frá hvor öðrum og ljóst að viðkvæmar upplýsingar berast líka á milli bréfleiðis. Hugmyndin um ákveðin viðtakanda veldur líka því að bréfritarinn heldur sig yfirleitt ágætlega við ákveðið efni og hugar að málfari og stíl til að gera sig skiljanlegan. Freistingin til þess að hagræða sannleikanum sér í vil í bréfformi er líka alltaf til staðar. Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur lýsir því þegar hann ber saman bréf og dagbókarskrif, að „bréfritari er líklegri til að *skapa* ákveðna ímynd úr upplifunum sínum“.¹³ Þetta gerir dagbókina ekki sjálfkrafa að betri og áreiðanlegri heimild, heldur geta dagbækur líka verið mikilvæg tæki til að móta sjálfsmynd og koma reglu á hugsanir. Reginmunurinn á heimildunum er að sendibréf eiga í öllum tilfellum að vera lesin af öðrum.

Þrátt fyrir að minna um margt á raunverulegt samtal sem á sér stað milli tveggja aðila í raunheiminum ber að varast að horfa á bréf sömu augum. Bréfaskrif fela ekki í sér svipbrigði né nein blæbrigði í röddinni, gefa ekki sama kost á einrúmi og „flæði“ eins og

¹² Sjá *Nútímans konur* (2011) eftir Erlu Huldu Halldórsdóttur þar sem hún notar sendibréf kvenna í bland við fréttablöð til að greina umræðu um menntun kvenna og mótun kyngervis, „Riffillinn er hinn besti vinur hermansins“ *Ritið I* (2014) eftir Ólaf Arnar Sveinsson þar sem hann notar sendibréf til að greina átök um sjálfsmynd vesturfara, „Acts of deceiving and withholding in immigrant letters“ *Journal of social history* 2 (2005) eftir David Gerber þar sem hann greinir sjálfsmynd og birtingu sjálfsins í sendibréfum innflytjenda og *Menntun, ást og sorg* eftir Sigurði Gylfa Magnússon, þar sem hann notar sendibréf í bland við aðrar persónulegar heimildir til að varpa ljósi á íslenskt sveitasamfélag á 19. og 20. öld.

¹³ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 53.

í töluðu orði. Sendibréf eru skrifuð í lotum og gera ráð fyrir svári. Breski félagsfræðingurinn Liz Stanley segir þau ekki mynda eina eiginlega frásögn sem hefur upphaf og endi, heldur eru þau viðvarandi ferli þar sem hvert bréf er staðgengill þess sem skrifar bréfið. Það er ekki heimurinn eins og hann er sem er efni bréfsins, heldur heimurinn líkt og hann er tiltekinn á tíma bréfitunarinnar.¹⁴

2.2 Sendibréf og sjálfsmyndir

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á sjálfsmynd í bréfum íslenskra vesturfara þjóna mér sem ákveðin fyrirmynd því að um svipuð bréf og aðstæður getur verið að ræða, þó að um ólík fyrirbæri sé að ræða eins og ég mun koma að. Líkindin eru þau að einstaklingar úr íslensku bændasamfélagi fóta sig í nýjum aðstæðum, þurfa að móta sjálfsmynd sína upp á nýtt og viðhalda ákveðinni ímynd gagnvart vandamönnum á Íslandi. Rannsókn Ólafs Arnars Sveinssonar sagnfræðings á bréfum vesturfarans Sigurðar Johnsen sem flutti til Bandaríkjanna árið 1904 er dæmi um slíka sjálfsmyndagreiningu. Ólafur greinir sjálfsmynd Sigurðar í gegnum bréf sem hann sendi móður sinni eftir að hann flutti vestur. Sjálfsmynd Sigurðar sem speglast í bréfunum gefa í skyn falskt öryggi sem stangast á við raunverulegar aðstæður og óöryggi hans í nýja heiminum. Bréfin eru þannig frekar tilraun til að skapa ímynd af sjálfum sér fyrir móður sína, en að vera raunveruleg lýsing á aðstæðum sínum.¹⁵ Sendibréfin sem hér eru notuð, bréf Þorláks til fósturmóður sinnar Jakobínu, eru þess vegna ekki bara heimild um líf Þorláks, heldur einnig heimild um þá ímynd sem hann vildi búa til af sjálfum sér gagnvart Jakobínu. Hliðstæður má finna í bréfum Þorláks til Jakobínu og bréfum Sigurðar vesturfara til móður sinnar, en Þorlákur skrifaði bréf heim sem gefa til kynna mikla ánægju með veru sína í Kaupmannahöfn en líka bréf sem stangast algerlega á við þá ímynd. Hann afsakaði þannig stundum fyrri bréf fyrir að vera svartýnisraus.¹⁶

Sendibréf vesturfara og Hafnarstúdentar eru hins vegar ekki algerlega sambærileg, hér ráða tveir þættir aðallega för. Fyrsti þátturinn felst í að Hafnarstúdentar gerðu yfirleitt ráð fyrir að snúa að lokum heim aftur. Þrátt fyrir að vesturfarar hafi sumir snúið heim aftur var tilgangurinn almennt sá að setjast að í Vesturheimi. Annar þátturinn sem hefur áhrif snýr að mun á stöðu og stétt þeirra sem gerðust vesturfarar og svo annars vegar þeirra sem urðu Hafnarstúdentar. Vesturfarar gerðust slíkir vafalaust af margvíslegum

¹⁴ Stanley, Liz, *Epistolarium*, bls. 213-214.

¹⁵ Ólafur Arnar Sveinsson „Rifillinn er hinn besti vinur hermansins“, bls. 79.

¹⁶ Hér má nefna *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 4. ágúst 1890.

ástæðum, en meðal þeirra sem vógu hvað þyngst var að þeir töldu að líf skjör þeirra gætu batnað með flutningunum. Við sjáum merki um stétt og stöðu Þorláks í þessari rannsókn meðal annars í því að Þorlákur gerði sér ferð til Íslands þegar peningaleysi gerði vart við sig í Kaupmannahöfn til að safna fé og spara fyrir endurkomu. Ásamt því á hann greiðan aðgang að ýmiskonar aðstoð að heiman, hann fær peningagjafir, föt og mat sendan til sín til Kaupmannahafnar, nánast eins og eftir pöntun. Ekki höfðu allir vesturfarar svo greiðan og skjótan aðgang að tengslaneti frá Íslandi. Þar að auki eru bréf Þorláks skrifuð af ungum karlmanni sem fékk formlega menntun og ólst upp í umhverfi þar sem sendibréf voru snar þáttur af hversdagsleikanum, forréttindi sem ekki allir vesturfarar bjuggu við.¹⁷

Rannsóknir á tilfinningalífi Hafnarstúdentna hafa verið lítið stundaðar. Rannsóknir þar sem rýnt er í þær heimildir sem Hafnarstúdentar hafa skilið eftir sig og reynt að greina tilfinningar þeirra má telja á fingrum annarrar handar. Ber þar þó að nefna grein Sigrúnar Sigurðardóttur um rómantískt vináttusamband tveggja Hafnarstúdentna, þeirra Páls Briem og Finns Jónssonar. Þar er meðal annars notast við dagbækur og sendibréf tveggja ungra Hafnarstúdentna og vináttusamband þeirra og tilfinningar í garð hvors annars greindar.¹⁸ Benda má á aðra nýlega rannsókn á tilfinningum í gegnum sendibréf má finna í ritgerðinni „kyssi þig í hljóði vinarkossi“ eftir Valgerði Hirst Baldurs um rómantíska vináttu tveggja karlmannna.¹⁹ Tilfinningar Hafnarstúdentna í ævisögum á borð við *Jónas* eftir Pál Valsson má einnig telja sem einskona athugun á tilfinningalífi þjóðskáldsins sem og *Ég elska þig stormur* um Hannes Hafstein eftir Guðjón Friðriksson. Þesskonar ævisögur fjalla líkt og ég hef áður komið að um karlmenn sem verða aðsópsmiklir og áberandi í íslensku þjóðlífi. Tilfinningar og sjálfsmynd Hafnarstúdents sem stendur ef til vill ekki jafn vel að vígi og á endanum snýr aldrei aftur heim til Íslands til að sýna hvað í honum bjó hefur hins vegar aldrei verið rannsökuð.

2.3 Hafnarstúdentar við lok 19. aldar

Um Hafnarlíf stúdentna hefur alltaf loðið sú ímynd að þeir hafi lítið lært og eytt frekar tíma sínum í letilíf og drykkjuskap á einhverjum af fjölmörgum knæpum bæjarins. Þessi ímynd á sjálfsagt við einhver rök að styðjast og margir Hafnarstúdentarnir skrifa sjálfir mikið um fyllerí og ævintýri á skemmtanalífinu. Dæmi um slíka frásögn eru bréf Sigurðs Jónassonar Hafnarstúdent á árunum 1884-1886 til vinar síns á Íslandi. Hann gerði fyllerí

¹⁷ Sjá Davíð Ólafsson, „Í frásögur færandi“, bls. 94-96 og Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs*, bls. 57-62.

¹⁸ Sigrún Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld“, bls. 145-171.

¹⁹ *Lbs.-Hbs.* Valgerður Hirst Baldurs, „Kyssi þig í hljóði vinakossi“

og skemmtanir ýmsar að aðalumræðuefni sínu. Um búsetuna á Garði, þar sem flestir íslenskir Hafnarstúdentar bjuggu, skrifaði hann að „Lífið á Garði er fjörugt, svöll þar eru alræmd fyrir fylliri.“ Sigurður Jónsson féll í hafið undan ströndum Vestmannaeyja á leiðinni aftur til Hafnar eftir að hafa gert hlé á námi sínu og farið til Íslands. Talið er að það hafi verið viljaverk.²⁰

Laust fyrir aldamótin 1900 var umræðan um drykkjuskap, leti og fátækt Hafnarstúdentana nokkuð lífleg. Hér má aftur minnst á grein Ólafíu Jóhannsdóttur um Háskólamálið en ekki síst greinar Jón Aðils sagnfræðings í *Eimreiðinni* árunum 1895-1897 sem fjölluðu um Hafnarlífið á miður jákvæðan hátt.²¹ Baráttan fyrir því að stofna háskóla á Íslandi svo ekki þyrfti að senda unga stúdentana út í nám var löng og hentugt gat verið að vísa í ólífnaðinn í Kaupmannahöfn.

Margrét Jónasdóttir gerði tilraun til að slá á goðsögnina um að Hafnarstúdentar væru duglausir drykkjumenn í bókinni *Babýlon við Eyrarsund*. Hún nefnir að á árunum 1891-1900 hefðu einungis 32 af 87 styrkþegum við Hafnarháskóla lokið námi árið 1900 og níu hefðu dáið eða horfið. Þó að tölurnar virðist gefa tilefni til að gefa „goðsögninni“ undir fótinn er ekki allt sem sýnist að mati Margrétar. Margir stúdentar hafi verið kallaðir heim til vinnu án þess að þeir lykju prófi, enda var prófskírteini ekki endilega krafa þegar embættum var úthlutað. Þorlákur Jónsson stundaði nám við Hafnarháskóla á árunum 1889-1897 og því ljóst að hann hefur nám við Hafnarháskóla í umhverfi þar sem aðeins rúmlega þriðjungur samlanda hans nær að ljúka prófi á tíu árum.²²

Þrátt fyrir allar áhyggjur og stóryrði um óregluglíf í Kaupmannahöfn stafaði alltaf glæsibragur af lífi Hafnarstúdentana. Sem dæmi má nefna að þrátt fyrir stofnun prestaskóla á Íslandi hélt einhver fjöldi Íslendinga áfram að sækja nám í guðfræði við Hafnarháskóla, og til marks um þá ímynd sem Hafnarháskóli hafði gátu þeir guðfræðinemar sem námu þar yfirleitt átt von á betri embættum þegar heim var komið.²³ Að ótöldum þeim praktísku ástæðum sem lágu að baki því að stúdentar leituðu til Hafnar, svo sem námsúrval og von um betri embætti, höfðu flestir framámenn íslensks þjóðlífs stundað menntun sína þar, komið heim og sett mark sitt á íslenskt þjóðfélag. Ævintýraljóminn sem stafaði af slíkum mönnum gat laðað að marga unga karlmenn, og vakti Þorlákur sjálfur máls á slíkri

²⁰ Sigurður Jónsson til Ólafs Magnússonar 24. maí 1885, *Hafnarstúdentar skrifa heim*, bls. 203-206.

²¹ Sjá Jón Jónsson Aðils, „Hafnarlíf I-II“, *Eimreiðin* 1895, „Hafnarlíf III-IV“, *Eimreiðin* 1896 og „Hafnarlíf V“, *Eimreiðin* 1897. Hér þarf að hafa í huga að skrif Jóns Jónssonar Aðils eru undir áhrifum sjálfstæðisbaráttunnar og verk hans þekkt fyrir þjóðernissinnaða söguskoðun.

²² Margrét Jónasdóttir, *Í Babýlon við Eyrarsund*, bls. 28.

²³ Margrét Jónasdóttir, *Í Babýlon við Eyrarsund*, bls. 27.

ævintýragirni þegar hann skrifaði móður sinni stuttu fyrir brottför: „eins og þú veist langar unglíngana alltaf til að kanna nýjar slóðir, og þykir hálfpartinn vænt um að fá að reyna sína eigin leið í lífinu“.²⁴

3 Frá Gautlöndum til Lærða skólans

3.1 Uppruni og fyrstu æviár Þorláks

Þorlákur Jónsson fæddist þann 21. ágúst árið 1870 á Gautlöndum í Suður-Þingeyjarsýslu. Hann og tvíburasystir hans, Kristjana, voru ellefta og tíunda barn hjónanna Jóns Sigurðssonar og Solveigar Jónsdóttur. Jón á Gautlöndum, eins og hann var jafnan kallaður, sat á Alþingi nær óslitið á árunum 1858-1889, ýmist sem þingmaður Þingeyinga, Suður-Þingeyinga eða Eyfirðinga.²⁵ Solveig Jónsdóttir var prestsdóttir frá Reykjahlíð, einu ríkasta jarðnæði í Mývatnssveit. Búið á Gautlöndum var vel rekið og má telja að hjónin hafi haft það gott og talist efnuð á mælikvarða síns tíma. Af barnaláni Jóns og Solveigar er athyglisvert að börnin voru óvenju vel menntuð miðað við önnur börn bænda á þessum tíma og mörg þeirra náðu miklum frama. Ekki er tilefni til að telja upp ævistörf allra átta uppkominnna alsystkina Þorláks, og nægir að nefna tvo eldri bræður Þorláks, Kristján Jónsson sem var fyrsti forseta hæstaréttar á Íslandi og Pétur Jónsson sem var um tíma atvinnumálaráðherra. Af þessu er hægt að álykta að Þorlákur fæddist í fjölskyldu þar sem hann bjó við mikil forréttindi samanborið við flesta jafnaldra sína, og mikil áhersla var lögð á menntun hans og systkina sinna.²⁶

Systir Solveigar var Jakobína Jónsdóttir Thomsen. Jakobína giftist tiltölulega seint miðað við kynsystur sínar á sínum, en hún gekk 35 ára gömul að eiga skáldið Grím Thomsen, sem sjálfur var orðinn fimmtugur. Hann var þá nýfluttur til Íslands eftir að hafa getið sér gott orð í Kaupmannahöfn sem afkastamikið skáld og starfsmaður í utanríkisþjónustu Dana. Hjónin Jakobína og Grímur áttu ekki sama barnaláni að fagna og hjónin á Gautlöndum, og eftir níu ára hjónaband höfðu þau ekki enn eignast barn. Það fór svo að þau tóku Þorlák Jónsson í fóstur níu ára gamlan.²⁷ Það var á þeim tíma sem bréfaskriftir Þorláks hófust og hann færði foreldrum sínum á Gautlöndum fréttir frá nýja heimili sínu að Bessastöðum og æfði sig að lesa og skrifa. Það er ekki síður vegna þess hve ungur hann fer að skrifa sendibréf sem bréfasafn Þorláks Jónssonar er áhugavert

²⁴ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur, 27. júlí 1889.

²⁵ Vef. Æviágrip alþingismanna frá 1845. Alþingi.is, „Jón Sigurðsson“.

²⁶ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, bls. 400.

²⁷ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Framfaravonir og veruleiki Jakobínu Jónsdóttur“, bls. 162-174.

rannsóknarviðfangsefni.²⁸

Veturinn 1879 hófust bréfaskrif Þorláks. Honum þótti mjög vænt um bréfin að heiman sem hann beið spenntur eftir. Söknuður er tilfinning sem greina má í þessum fyrstu bréfum, og honum ljóst að bréfin verða aldrei fullkomin staðgengill raunverulegra samskipta við fjölskyldu sína. Hann kvaddi foreldra sína í bréfi með orðunum „kveð ykkur og kyssi í huganum elskulegu pabbi og mamma“.²⁹ Bréfin urðu þýðingarmikil sem táknrænir staðgenglar foreldra hans og annarra ástvina að norðan. Bréfin hjálpuðu honum að ímynda sér líkamleg og ástúðleg samskipti við þau og þegar hann lauk bréfinu ímyndaði hann sér snertingu þeirra og nálægð. Bréfin voru það besta sem honum stóð til boða þegar fjarlægðirnar voru svona miklar.

Á þessum fyrstu bréfum sem Þorlákur sendi er bragurinn allur mjög fullorðinslegur og ljóst að Þorlákur hafði gert sér grein fyrir því að hann steig sín fyrstu skref í heimi sem aðallega var á færi fullorðinna og hann vildi ólmur tileinka sér leikreglurnar. Eflaust fékk hann mikla hjálp við yfirlestur og val á efnistöfum í þessum fyrstu bréfum, en börn geta þó sýnt fram á mikla hæfni til að skilja sendibréf og í vali á efnistöfum. Þorlákur, sem var þá níu ára hefur þess vegna ekki verið einstakur að þessu leyti.³⁰

Stíllinn breyttist þegar fram líða stundir, en bréfin eru full af stefnum á borð við að afsaka fátíð og stutt bréfaskrif, sem urðu mjög reglulegur hluti af bréfum Þorláks. Þessi stef falla vel að því sem dregið hefur verið fram í rannsóknum á bréfaskrifum í sendibréfum 19.aldar, þar sem afsakanir og kveðjur líkt og um samtal augliti til auglitis sé að ræða verður snar hlutur af heimi sendibréfanna. Erla Hulda Halldórsdóttir útskýrir þess lags afsakanir í grein sinni „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum“, í samhengi við minnimáttarkennd og stílbrögð kvenna í bréfum til karlmannna. Hún bendir einnig á afsakanir karla í bréfum, sem voru annars eðlis. Í framhaldi bendir hún réttilega á að það sé erfitt að koma auga á hvað séu raunverulegar afsakanir í þessum efnum, og hvað er partur af orðræðu þess tíma.³¹

²⁸ Til gamans má geta að bréfasafn Þorláks var notað í námsbókinni *Í fullorðinna tölu* sem skrifuð var af Þorsteini Helgasyni gefin var út af Námsgagnastofnun og ætluð nemendum í 8. bekk.

²⁹ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jóns Sigurðssonar og Solveigar Jónsdóttur 26. nóvember 1879.

³⁰ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum“, bls. 70-72.

³¹ Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum“, bls. 79-81. Það má nefna að athugun Erlu nær einkum til þriðja áratugar 19. aldar og er því mun eldra tímabil en það sem rætt er um í þessari rannsókn.

3.2 Harماسumar

Þorlákur útskrifaðist úr Lærða skólanum með fyrstu einkunn árið 1889. Hann skrifaði móður sinni í tilefni próflokka og var honum létt. Hann hafi orðið því að bráð eins og fleiri skólabræður sínir að hafa verið latur og ekki nýtt tíma sinn sem skildi, „Letin hefur fengið yfirhönd yfir löngunni að standa sig vel“.³² Á þessum tímamótum þegar Þorlákur varð stúdent úr Lærða skóla Íslands virtist hann einblína á hvað hafði farið úrskeiðis og að hafa ekki nýtt tímann sem skildi. Í bréfi sínu til Solveigar leyfði hann sér ekki nema bara eitt örlítið fegins andvarp í upphafi áður en hann lét gamminn geysa um tímaeyðslu sína og leti. Kannski hefur honum þótt hann geta loksins sagt allt af léttu hvernig í pottinn var búið með ástundun sína og lestur þegar prófinu var náð. Að finnast tíma sínum ekki hafa verið notaður sem skyldi er síður en svo ókunnugt stef í bréfaskrifum, og Jakobína skrifar í svipuðum dúr eftir andlát móður sinnar, þá þótti henni tíminn sem hún varði á ferðalögum hafa verið til lítils.³³

Í sama bréfi minntist hann á slys föður síns sem á endanum dró hann til dauða. Hann virtist ekki gera sér grein fyrir alvarleika slyssins og eyddi fáum orðum í fréttirnar af því.³⁴ Næsta bréf til Solveigar var frá áhyggjufullum syni til syrgjandi móður. Bréfið var skrifað á línustrikað blað og snyrtileg spássían og vel valin orð bera vott um að Þorlákur hafi hugsað lengi um bréfið og viljað vanda sig sérstaklega vel. Hann hafði ekki tók á að fara norður yfir sumarið til að fylgja föður sínum til grafar og tók því þungt. Hann lagði alla áherslu á að hugga móður sína, og gerði það á fullorðinslegan hátt. Á sama tíma var hann fullur sektarkenndar yfir því að hafa ekki getað verið til staðar fyrir móður sína á ögurstundu og sinnt skyldu sinni sem sonur og kvatt föður sinn.

Að búa í haginn fyrir framtíðina og sækja menntun sína fékk forgang hjá Þorláki, hann skrifaði: „Jeg hefði af öllu hjarta viljað koma norður, til þess að leggja minn skerf til að ljetta sorgina, og sýna hinum látna þann sóma, sem hvert barn, er skylt að sýna foreldri. En það hefði ekki getað orðið án þess að hafa fjarskaleg áhrif á framtíð mína“.³⁵ Þessi framtíð sem Þorlákur minntist á var upphafið af Hafnarlífi hans. Í bréfinu skrifaði hann að Grímur hafi samþykkt að styrkja hann til náms í Kaupmannahöfn. Hann var fullur tilhlökkunar fyrir því að fá að reyna á sig fyrir utan landsteinana en var þó hóflega

³² Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 30. júní 1889.

³³ Erla Hulda Halldórsdóttir *Nútímans konur*, bls. 272-274.

³⁴ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 30. júní 1889.

³⁵ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 27. júlí 1889.

bjartsýnn á lærdóminn, en vildi í það minnsta standa sig sæmilega, ef hann ætlaði sér að komast til einhvers embættis á endanum.³⁶

Í lok bréfs skrifaði hann athyglisverða afsökun. Hann setti aftur í orð hversu erfitt sé að ræða svo tilfinningaþrungin málefni í gegnum bréfaskriftir, fannst orðin verða „hálfdaud og tilfinningarlaus“.³⁷ Fjarlægðin og takmörk bréfaskrifa höfðu líklega aldrei vist eins raunveruleg. Það var vel til fundið að skrifa svo tilfinningaríkt og fallett bréf til móður sinnar, en hún dó tæpum tveimur mánuðum eftir bónda sinn og bréfið var það seinasta sem Þorlákur skrifaði henni.³⁸ Missir Þorláks þetta sumarið hefur án efa haft mikil og mótandi áhrif á hann. Sorgin er og var ein af þeim tilfinningum sem hefur mótandi áhrif á einstaklinga.³⁹ Hinn skyldurækni sonur gat heldur ekki kvatt móður sína, framtíðin var ráðin, hann skildi sigla til Kaupmannahafnar í nám.

Sjálfsmynd Þorláks eftir sumarið var sveipuð ábyrgðartilfinningu gagnvart foreldrum og framtíð sinni. Ábyrgðartilfinningin verkaði sem tvíeggja sverð fyrir Þorlák, honum rann blóðið til skyldunnar að fylgja föður sínum til grafar eins og syni bæri að gera, en á sama tíma bar hann ábyrgð á framtíð sinni. Hann þurfti að sækja framhaldsnám til Kaupmannahafnar til að verða að manni.

4 Hafnarstúdent

4.1 Til Kaupmannahafnar

Það sem gerði Þorlák enn ákveðnari en ella í að fara út til Kaupmannahafnar var að Steingrímur bróðir hans var þar að lesa lögfræði, og gerði Þorlákur ráð fyrir að þeir myndu hjálpast að í búskapnum.⁴⁰ Steingrímur hafði sömuleiðis hlakkað mikið til að fá Þorlák í bæinn og skrifaði honum að hann væri spenntur fyrir komu hans og gaf honum góð ráð varðandi haustið og býðst til að sækja um Garðvist handa honum.⁴¹ Báðum hefur þótt öryggi í því að hafa bróður sinn með sér í Höfn og njóta þeir styrks hvors annars næstu árin. Um haustið 1889 lagði Þorlákur í ferð sína til Kaupmannahafnar. Með Þorláki í för til Kaupmannahafnar voru ekki eingöngu nesti og nýir skór. Ferð Þorláks hitti þannig á að hann færði Steingrími bróður sínum harmafregnirnar af móður missi þeirra. Í

³⁶ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 27. júlí 1889.

³⁷ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 27. júlí 1889.

³⁸ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 27. júlí 1889.

³⁹ Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg*, bls. 165–166.

⁴⁰ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Solveigar Jónsdóttur 27. júlí 1889.

⁴¹ Þorlákur virðist ekki hafa þekkt boðið um að Steingrímur skyldi sækja um Garðvist fyrir sig en Þorlákur býr aldrei á Garði. *Lbs.* 4959 4to. Steingrímur Jónsson til Þorláks Jónssonar 13. ágúst 1889.

bréfasafninu finnst ekki vitnisburður af endurfundum þeirra bræðra, en Rebekka systir Þorláks sendi honum bréf og skrifar að henni hafi þótt sárt að sjá á eftir Þorláki út eftir svo mikinn harm.⁴²

Það þarf að fara varlega í að bera saman bréf Þorláks frá Kaupmannahöfn frá fyrri tímum, því aðstæður hans hafa breyst allmikið. Hann hafði misst báða foreldra sína og ekki síst var hann að skrifa Jakobínu í fyrsta sinn, viðtakandinn var nýr og aðstæðurnar líka. Þorlákur gerði fyrst all ítarlega grein fyrir búskap sínum og lífi í Kaupmannahöfn snemma árs 1890 í bréfi til Jakobínu. Efnistökin voru dæmigerð fyrir sendibréf, hann fjallaði um veðrið, bæinn, og fréttir af löndum sínum á Íslandi. Af bænum sjálfum virtist hann ekki vera mjög hrifinn, og göturnar sagði hann flestar vera leiðinlegar, óhírtar og að falleg hús væru sjaldgæf. Veðrið var sömuleiðis ekkert til að hrópa húrra fyrir, honum virtist kaldara við sömu hitagráðu í Kaupmannahöfn en á Íslandi.⁴³ Þorlákur bjó ekki á Garði eins og flestir íslensku Hafnarstúdentarnir, heldur leigði hann með vini sínum Sigurði Péturssyni.

Af selskapslífi Þorláks í Höfn hafði hann mikið að segja. Grímur hafði ráðlagt honum að halda góðum kunningskap við fólk í Kaupmannahöfn og heimsækja reglulega fólk sem Grímur hafði verið í sambandi við. Þetta vafðist fyrir Þorláki, og hann taldi slíkt verða sér erfitt vegna tímans sem slíkt myndi taka og hversu illa hann kæmi fyrir í slíkum heimsóknum. Hann vildi ekki verða uppáþrengjandi gestur, sem hann yrði, að hans sögn vegna feimni og klunnaskaps.⁴⁴

Þorlákur gekk í Íslendingafélagið í Kaupmannahöfn með Steingrími svo að hann hefur haft í nægu að snúast í félagslífinu, sem hann gerði alsgáður, bundinn af bindindisheiti sínu, enda hafði hann „nú orðið enga löngun til víns“.⁴⁵ Þetta var hughreystandi fyrir þá sem heima sátu og gátu ímyndað sér ýmislegt um hinn alræmda drykkjuskap Hafnarstúðentsins, og þá sérstaklega Jakobínu, en sumir bræður hennar voru drykkjumenn, og lentu í ýmsum vandræðum vegna þess.⁴⁶ Jón Sigurðsson, faðir Þorláks, var líka mikill drykkjumaður og var það líklega það sem dró hann til dauða, er hann datt drukinn af hestbaki.⁴⁷ Hvort Þorlákur hafi haldið bindindi sínu segir hann aldrei, og af

⁴² Lbs. 3174 4to. Rebekka Jónsdóttir til Þorláks Jónssonar 6. október.

⁴³ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. febrúar 1890.

⁴⁴ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. febrúar 1890.

⁴⁵ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. febrúar 1890.

⁴⁶ Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur*, bls. 333.

⁴⁷ Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-Þingeyinga og Jón á Gautlöndum*, bls. 400.

áðurnefndum ástæðum hefði Jakobína kannski verið sú síðasta sem fengi að vita af því hvort hann hefði brotið það.

Allir Hafnarstúdentar þurftu fyrst að taka próf í heimspeki áður en þeir gátu valið sér nám sem féll að áhugasviði þeirra.⁴⁸ Þorlákur ætlaði sér að læra grísku sem aðalfag og latínu sem aukafag. Þennan fyrsta vetur sagðist hann ekki hafa lesið mikið, og sakaði „eðlislægri leti“ um. Þrátt fyrir að yfirlýsingar Þorláks um leti séu ekki einsdæmi í sendibréfum er hér um að ræða svo augljóst þrástef að það verður að taka mark á því. Blikur voru á lofti varðandi námsval Þorláks en honum fannst umræðan í Danmörku um að afnema grísku sem fag í latínuskólum vera orðin ískyggilega hávær, og af því hafði hann áhyggjur. Áhyggjur varðandi námsval sitt og framtíðarstarfsmöguleika komu fram reglulega í bréfum hans alveg til dauðadags.⁴⁹ Að vori bárust gleðifrétir frá Þorláki en hann hafði náð heimspekiprofinu með fyrstu einkunn eins og hans var von og vísa.⁵⁰

4.2 Sjálfmynd í nýjum aðstæðum

Sumarið 1890 settist Þorlákur niður og skrifaði báðum fósturforeldrum sínum bréf. Efnistökin voru æði ólík þó að þau væru skrifuð sama daginn. Grími skrifaði hann um arfinn eftir Solveigu og Jón og skilaði kveðju frá kunningjum Gríms í Kaupmannahöfn sem höfðu verið honum góðir. Þorlákur sagðist hafa orðið iðinn við lestur eftir heimspekiprofið, nokkuð sem virtist hafa komið honum sjálfum í opna skjöldu. Hann kvaddi á orðunum „líði yður ætíð sem best yðar einlægur Þorlákur Jónsson“, til marks um formlegan brag á bréfinu þeraði hann aldrei aðra fjölskyldumeðlimi. Hann sleppti því að minnast á líðan sína en skrifaði í staðinn að „öllum löndum líður vel og lifa eins dag eftir dag“.⁵¹ Praktískir hlutir urðu ofan á í vali Þorláks á efnistöku til Gríms.

Jakobínu skrifaði Þorlákur að sér liði mjög vel, en virtist draga í og úr um ástand sitt og líðan. Þannig vitnaði hann í fyrra bréf sitt, sagðist hafa skrifað í illu skapi, og bað hana að taka ekki mark á bréfinu. Þarna virtist Þorlákur dauðsjá eftir því að hafa á einn eða annan hátt valdið Jakobínu áhyggjum og reyndi eftir besta megni að gera lítið úr fyrra bréfi.⁵²

Efnistökin í bréfi Þorláks sem hann skrifaði Jakobínu voru af allt öðrum toga en til Gríms. Áherslan færðist frá praktískum hlutum og hversdagslegum fréttum og á líðan

⁴⁸ Margrét Jónasdóttir, *Í Babylon við Eyrarsund*, bls. 31.

⁴⁹ *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. febrúar 1890.

⁵⁰ *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Grím Thomsen og Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 24. júní 1890.

⁵¹ *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Grím Thomsen 4. ágúst 1890.

⁵² *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 4. ágúst 1890.

Þorláks sjálfs og hvernig hún endurspegladist í bréfum Jakobínu. Þorláki var þannig heilmikið í mun að það sem hann skrifaði hefði ekki neikvæð áhrif á hana. Sjálfsmyndin sem Þorlákur skapaði í bréfum sínum til Jakobínu tók þannig frekar mið af því hvernig Þorlákur hélt að hún læsi hana í bréfunum heldur en að Þorlákur segði allt af léttu. Í rannsóknum sínum á bréfum breskra vesturfara bendir David Gerber á að það að segja satt og rétt frá í bréfum gat oft valdið áhyggjum og angist þeirra sem heima voru. Þetta hafi valdið því að þeir veigruðu sér við því að segja fullkominn sannleik í bréfum sínum til að vernda ástvini sína en um leið viðhalda samskiptum.⁵³ Þorlákur áttaði sig fljótt á þessu því hann skynjaði þær áhyggjur sem Jakobína hafði af honum. Frá sumri 1890 má merkja tilraunir Þorláks til að viðhalda samskiptum án þess að aðalmarkmiðið hafi verið að segja satt og rétt frá líðan sinni.

Bréfið er allt lausara að forminu til og hann þénaði hana að sjálfsgöðu ekki. Jakobínu skrifaði hann þar að auki ýmislegt í léttari dúr og skaut á bæði landa sína og Dani þegar hann sagði að smjörkaup í Danmörku gerði hvern Íslending gjaldþrota, nema þeir færu að smyrja brauðið sitt eins og Danirnir, næfurþunnt.⁵⁴ Í þessu bréfi birtist líka í fyrsta sinn gegnumgangandi stef sem hann lýsti í bréfum sínum, samskiptum Íslendinga og Dana. Þorlákur var mjög meðvitaður um að hann væri Íslendingur í danskri borg. „Íslenskur“ og „rammíslenskur“ verða jákvæð lýsingarorð um þá Íslendinga sem dvalið höfðu lengi í Kaupmannahöfn en héldu í íslenska tungu og menningu. Þorlákur notaði þannig þjóðerni sitt til að tryggja sjálfsmynd sína í nýjum aðstæðum.

4.3 Allt gott að fréttu úr Höfn

Sumarið 1890 notaði Þorlákur til að lesa íslenskar bækur, þótt þær hafi ekki tilheyrt námsgreinunum. Hann skrifaði Jakobínu að sér rynni blóðið til skyldunnar og taldi að Íslendingar, sem vildu hafa almenna bóklega kunnáttu, ættu að kunna skil á íslenskum bókmenntum og sögu, framar öllum öðrum. Þetta var bæði vegna þess að hún var menning hans sjálfs en ekki síst af því honum þótti hún áhugaverð. Honum fannst hann þannig ekki hafa verið að eyða tíma sínum til ónýtis með þessum yndislestri, jafnvel „þó kunnáttan verði ekki látin í aska“. Enn annað dæmi um þá minnimáttarkennd sem hann fann fyrir sem Íslendingur, það gaf ekki neitt af sér að lesa um Ísland. Um leið afsakaði hann tíma sem var ekki varið á arðbæran hátt.⁵⁵

⁵³ David A. Gerber, „Acts of Deceiving and Withholding in Immigrant Letters“, bls. 321.

⁵⁴ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 4. ágúst 1890.

⁵⁵ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. september 1890.

Í sama bréfi skrifaði hann um fataeign sína og kvaðst bráðlega ætla að senda ónýtt föt heim sem Jakobína gæti gert við eða nýtt á Íslandi. Þorlákur minntist margoft á fataeign sína í bréfum sínum, en það var honum mikilvægt að vera alltaf í það minnsta sæmilega til fara. Jafnvel þegar fór að bóla á peningaleysi var yfirleitt til nóg fyrir nýjum jakka sem var alveg nauðsynlegur. Þrátt fyrir þessar áherslur þótti honum hann ekki kunna að klæða sig vel.⁵⁶

Hann sagði landa sína almennt hafa það gott, kunnuglegt stef í bréfum Þorláks frá Höfn, en í þessu bréfi virtist það stanga í stúf við það sem hann skrifaði því næst. Íslenskur stúdent, Berthel Þorleifsson, hafði nýlega horfið og töldu margir hann hafa fallið fyrir eigin hendi eða strokið. Sjálfur sagði hann að hvort út af fyrir sig hefði verið sennilegt og bætti við að „Það er sorglegt að sjá hvernig leyfarnar af þessum gömlu stúdentum fara, sumir til Ameríku, en aðrir á bát og burt til fjandans“.⁵⁷

Veturinn 1890 reyndi Þorlákur aftur að slá á áhyggjur Jakobínu af sér, „jeg færi ekki að ljúga neinu uppá mig ef eitthvað gengi að mjer. Það einasta sem gengur að mér er leti, og hún verður ekki lamin burt með lurk“.⁵⁸ Orð sem voru til marks um það þrástef að Jakobína mætti ekki hafa neinar áhyggjur af sér. Í sama bréfi vildi hann meina að námið við Kaupmannahafnarháskóla hefði orðið erfiðara með árunum og kröfurnar orðið meiri. Um námsmenn sem helltust úr lestinni sagði hann að slíkt hefði aldrei gerst fyrir fimm eða tíu árum. Þá hefði hver sem er komist í gegnum skólann, sama hversu mikill slóði hann væri. Ekki var ólíklegt að róðurinn hafi verið tekinn að þyngjast í náminu.⁵⁹

Á árunum 1889-1892 virðist Þorlákur sigla lygnan sjó í gegnum sendibréf sín til Jakobínu. Hann leyfir henni að fylgjast með fréttum úr hæfilegri fjarlægð, og velur hefðbundin umræðuefni í bréfum sínum en hafði stöðugt gætur á því að valda henni ekki „óþarfa“ áhyggjum. Í þessum nýju aðstæðum treysti hann á þjóðerni sitt í sjálfsmyndarsköpun sinni og hann fann fyrir því að vera Íslendingur í erlendri stórborg. Í bréfunum má greina áhyggjur af klæðaburði, að koma hagalega fyrir, námsvali í nýjum aðstæðum, og tilraun til að sýna að hann tæki virkan þátt í félagsskap annarra Íslendinga í Kaupmannahöfn á ábyrgan hátt.

⁵⁶ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. september 1890.

⁵⁷ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. september 1890.

⁵⁸ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 7. nóvember 1890.

⁵⁹ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 18. apríl 1891.

5 Hafnarlífið hefur betur

5.1 Garðstyrkurur uppurinn og brottför frá Kaupmannahöfn

Ekkert lát var á félagsstörfum Þorláks og þann 23. desember 1892 var haldinn fundur nokkurra íslenskra stúdenta og þar ákveðið að stofna íslenskt stúdentafélag 21. janúar 1893.⁶⁰ Þorlákur var einn stofnmeðlima og gerði félagið að umtalsefni sínu í bréfi til Jakobínu. Almennt séð minntist Þorlákur oft á þátttöku sína í stúdentafélaginu og öðrum félagasamtökum Íslendinga og virtist þessi starfsemi vera honum mikilvæg og spennandi, og hann skrifaði Jakobínu stoltur af þátttöku sinni. Þannig hélt hann áfram að draga fram þá ímynd að hann væri málsmetandi í félagslífinu úti, hann væri sjálfstæður, og í hópi framtakssamra Íslendinga.⁶¹

Í áður nefndu bréfi fór Þorlákur fyrst láta bera á áhyggjum af fjárhag sínum. Hann viðurkenndi að hann hafi farið klaufalega með peninga, og óttaðist það mest að verða byrði á þeim sem sitja heima.⁶² Viðbrögðin við peningaleysinu að heiman létu ekki á sér standa og Þorlákur reyndi að slá á þær áhyggjur sem hann las úr bréfum þaðan. Það gerði hann m.a. með því að vísa til þjóðernis síns. Hann lýsti því þannig að Íslendingum finndist allt í lagi að vera fátækir og þeir séu svo nægjusamir að peningaleysi taki þeir létt.⁶³ Þannig hélt Þorlákur áfram að slá í og úr um aðstæður sínar í Höfn, hann vildi sanna fyrir þeim heima að hann gæti séð um sig sjálfur og að engar áhyggjur þyrftu þau að hafa af honum. Þannig tvinnaði hann saman tveimur mikilvægum þáttum í sjálfsmynd sinni, að verða að manni sem sæi fyrir sér (með smá hjálp) sjálfur og þjóðerni sínu. Hliðstæðu má sjá í greiningu Ólafs Arnars á Sigurði Johnsen vesturfara, en í bréfum hans má finna sömu hugmynd um ferðalagið til sjálfstæðis og manns.⁶⁴

Við upphaf nýs árs 1894 var sem fokið væri í flest skjól fyrir Þorlák. Hann skrifaði fósturforeldrum sínum í sitt hvoru bréfinu að hann sjái ekki fyrir sér að hafa efni á að búa í Kaupmannahöfn nógu lengi til að ljúka prófi, heldur neyðist hann til að koma heim og vinna fyrir sér um tíma. Garðstyrkurinn var uppurinn og fannst honum ólíklegt að honum yrði veittur aukastyrkur. Þorlákur skuldaði bóksala og skraddara þónokkuð fé, og efni hans myndi ekki endast lengi í Kaupmannahöfn.⁶⁵ Lausnin fólst í því að koma heim til Íslands, spara og vinna sér inn pening. Til Jakobínu ljóstraði hann upp um aðra, ekki síðri

⁶⁰ Margrét Jónasdóttir, *Í Babylon við Eyrarsund*, bls. 48.

⁶¹ *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 28. janúar 1893.

⁶² *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 28. janúar 1893.

⁶³ *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 20. apríl 1893.

⁶⁴ Ólafur Arnar Sveinsson, „Riffillinn er hinn besti vinur hermansins“, bls. 70-74.

⁶⁵ *Lbs.* 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 24. janúar 1894.

ástæðu fyrir heimferð sinni, sem var söknuður: „Það er nú sér á parti að mig er farið að langa til að sjá ykkur, og að það væri ótrúlega mikið gaman að koma heim“. ⁶⁶

Af Þorláki var lítið að fréttu tímanna sem hann eyddi á Íslandi. Hann kom heim árið 1894 og hélt aftur út síðla árs 1895. Í ódagsettu bréfi frá Reykjavík stuttu fyrir brottför til Kaupmannahafnar bað hann Jakobínu að hafa ekki áhyggjur af sér en viðurkenndi að hann hafi verið kvíðinn fyrir endurkomunni. ⁶⁷

5.2 Aftur til Hafnar

Þorlákur settist við bréfaskrif rúmlega einum og hálfum mánuði eftir að hann kom aftur til Kaupmannahafnar, og skrifaði fósturforeldrum sínum bréf 16. og 17. janúar árið 1896. Jakobínu skrifaði hann að þrátt fyrir lítil efni hefði hann keypt sér nýjan jakka og vesti um leið og hann kom til Hafnar. Í beinu framhaldi afsakaði hann kaupin með því að þetta væru nauðsynleg innkaup, hann gæti ekki látið sjá sig án nýrra fata, til þess þekkti hann of marga. Vitnisburður um það hversu mikilvægur klæðaburðurinn hefur verið honum. Athyglisvert er að í sama bréfi sagðist hann ætla að kaupa sér líftryggingu, en hann hafði ekki áður haft orð á því að verða sér úti um slíka tryggingu. ⁶⁸ Grím skrifaði hann að hann hefði nokkurn hug á því að skipta um nám. Hann vildi þá skipta grískunni út fyrir latínu sem aðalfag. Með þessari breytingu taldi hann sig mun líklegri til að ná prófi fljótlega. Ef hann gerði þetta ekki væri hann ekki viss hvernig endirinn á Hafnarlífinu yrði. ⁶⁹ Grímur veitti þessari námsbreytingu blessun sína og var Þorláki létt, enda var námið mikil uppspretta óvissu fyrir Þorlák.

Um veturinn lést vinur Þorláks, Sigurður Pétursson, sem hann hafði búið með fyrstu árin í Kaupmannahöfn. Sigurður var mjög veikur og hafði verið lengi rúmliggjandi. Þorlákur skrifaði að síðasta ár Sigurðar hafi hann farið illa með sig, sem hann sagðist viss um að hafi verið vegna veikinda hans. Sigurður hafi vitað að hann myndi deyja innan fárra ára og þegar svo bjó við, „þá er ekki von að manni sýnist lífið brosa við sér“, Sigurður hafi verið orðinn mjög þunglyndur og það hafi ágerst vegna heilsu og peningaleysis. ⁷⁰ Dauði og sorg var Hafnarstúdentinum Þorláki ekki ókunnugur en þarna hjó sorgin nær honum en hún hafði áður gert í Kaupmannahöfn.

⁶⁶ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 24. janúar 1894.

⁶⁷ Lbs. 4959 4to. Ódagsett bréf frá Þorláki Jónssyni til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur frá Reykjavík.

⁶⁸ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 16. janúar 1896.

⁶⁹ Lbs. 3174 4to. Þorlákur Jónsson til Gríms Thomsen 17. janúar 1896.

⁷⁰ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur 29. febrúar 1896.

Um haustið árið 1896 gerði Þorlákur frétttaflutning af Íslandi að umtalsefni sínu. Það fór í taugarnar á honum að ekkert fréttist frá Íslandi nema stórslys, sjúkdómar og aðrar neikvæðar fréttir. Verst af öllu þótti Þorláki þó safnanirnar, „betlið“, sem farnar voru í kjölfarið á slíkum fregnum til að styrkja Íslendinga. Honum fannst skrítið að aldrei hafi verið fjallað um betli Íslendinga, en taldi að það hafi verið vegna þess að það þætti ekki nema eðlilegt að „slíkir blessaðir aumingjar sem við erum, leiti sjer beitningar“ og bitur kaldhæðnin skín í gegn.⁷¹ Ef að Íslendingar ætluðu að betla í hvert einasta skipti sem eitthvað hendi á Íslandi þætti honum jafn gott að Íslendingar hætti tilraun sinni að reyna lifa sem þjóð, og flyttist öll búferlum til Ameríku. Hann þekktist að þetta sé heldur djúpt í árina tekið, en bætti við, „værir þú hjer og fyndir, hvaða álit er á okkur hjer, þá mundir þú verða á mínu máli“.⁷² Fyrir Íslending í Kaupmannahöfn sem lagði mikið upp úr þjóðerni sínu, þótti vænt um menningu sína og sögu, var þetta sárt, að um heimahagana hafi aldrei verið fjallað nema þegar þeim sárvanti hjálp. Áður minntist hann á beiningamenn í sambandi við framlengingu Garðstyrks, og ljóst að öll umræða um Íslendinga sem þurfamenn var honum sár, og hann tók hana nærri sér, enda einn af hornsteinum sjálfsmyndar hans.

5.3 Harmafregn að heiman

Þann 27. nóvember 1896 dó Grímur Thomsen eftir stutt veikindi. Jakobína sendi Þorláki stuttort bréf af því tilefni. Bréfið er einkar einlægt, en hún skrifaði: „aldrei hef jeg saknað þín eins mikið og nú við þetta tækifæri, meðan banalegan og greftrunin standa yfir. Hugga mig við að þú með energi keppist að hinu setta takmarki og jeg fái að sjá þig með góð málalok að vori“.⁷³ Fyrir Þorlák, sem alltaf hafði áhyggjur af líðan Jakobínu, hefur þetta verið sárt að heyra, og huggunarorð Jakobínu hafa aukið pressuna á að klára prófið eins fljótt og auðið var. Í annað sinn var Þorlákur ekki til staðar þegar ástvinur þurfti á honum að halda. Ábyrgðartilfinning Þorláks varð aftur tvíeggja sverð, hann hefði getað farið til Jakobínu um vorið, en námið fékk forgang eins og áður.

Því miður eru bréfin sem Þorlákur skrifaði Jakobínu um veturinn glötuð og þráðurinn ekki tekin upp fyrr en í upphafi sumars árið 1897, þá virtist Þorlákur hafa miklar áhyggjur af Jakobínu. Honum fannst erfitt að hugsa til þess að áhyggjur af sjálfum sér hvíli þungt á henni, og myndi þykja það verst af öllu, ef það væri svo. Hann sagðist sjálfur

⁷¹ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur 5. september 1896.

⁷² *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur 21. september 1896.

⁷³ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur 30. nóvember 1896.

engar áhyggjur hafa af framtíðinni, „Jeg er ekkert hræddur við framtíðina, þó líf mitt hjer hafi orðið harla arðlitið, koma dagar koma ráð“.⁷⁴ Þorlákur hefur án efa ekki verið eins bjartsýnn og hann gaf í skyn í bréfi sínu til Jakobínu, hann hafði ekki tekið prófið um vorið, var peningalítill og virtist ekki hafa nein áþreifanleg áform að því hvernig úr aðstæðum þeirra myndi rætast. Letin, áhugaleysi á náminu eða annað hafði valdið því að tími hans hafði verið arðlítill, dauðasynd þeim sem lifði góðu og reglusömu lífi. Hann hélt áfram í sjálfsásökunartón, sökin fyrir dugleysi sínu í Kaupmannahöfn lægi ekki hjá neinum öðrum en sjálfum sér.⁷⁵ Hann vildi ekki að Jakobína hefði áhyggjur af sér, en í staðinn virtist hann þjakaður af sjálfsásökunum, hann hafi verið svo „veiklunda“ að honum hafi ekki tekist að afreka neitt tíma sinn í Kaupmannahöfn.

Um sumarið 1897 fékk Þorlákur sjaldgæft bréf frá Kristjáni bróðir sínum. Kristján var myrkur í máli og skrifaði Þorláki af erfiðri fjárhagsstöðu Jakobínu sem hún sjálf hafði ekki haft á orði við Þorlák. Hann sagði hana eiga fullt í fangi með að framfleyta sér á þeim eignum sem hún átti eftir búið þeirra Gríms. Hann hafi þó ekki getað lagt sig á móti því að hún héldi áfram að styrkja Þorlák í Höfn, en með einu undirstrikuðu skilyrði: „ef þú aðeins af þinni hálfu getur fullvissað hana um það, að þú munir ljúka þjer af (taka próf) um næstu jól“.⁷⁶ Þorlákur svaraði Kristjáni ekki beint, heldur sendi til Jakobínu bréf og brýndi fyrir henni að segja sér allt af létta af fjárhag sínum.

Hann ljóstraði síðan upp af hverju hann skrifaði Pétri og Kristjáni ekki beint: „jeg hef ekkert að skrifa þeim um, nema afsakanir fyrir hvað jeg hef staðið mig illa, og þau brjef hliðrar maður sjer við að skrifa nema í ýtrustu nauðsyn“.⁷⁷ Hann skammaðist sín sýnilega fyrir árin í Kaupmannahöfn, og vildi helst ekki þurfa að afsaka sig fyrir þeim. Af bréfinu er hægt að greina mikla vanlíðan og angist yfir því hvernig komið er fyrir bæði sér og Jakobínu, honum fannst hann bera ábyrgð á að hún byggi við kröpp kjör eftir lát Gríms.

Steingrímur bróðir hans lagði af stað til Íslands að taka við embætti sýslumanns í Þingeyjarsýslu vorið árið 1897. Eftir brottför Steingríms og fleiri vandamanna nefndi Þorlákur að fáir kunningjar hafi verið eftir í Kaupmannahöfn, nokkuð sem hann átti eftir að nefna reglulega þangað til yfir lauk.⁷⁸ Um haustið skrifaði Þorlákur Jakobínu að til Hafnar hefðu komið 15 nýir stúdentar. Hann virti þá fyrir sér í gegnum bitra reynslu sína

⁷⁴ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur 31. maí 1897.

⁷⁵ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Thomsen Jónsdóttur 31. maí 1897.

⁷⁶ Lbs. 4959 4to. Kristján Jónsson til Þorláks Jónssonar 20. júní 1897.

⁷⁷ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 10. júlí 1897.

⁷⁸ Lbs. 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 10. júlí 1897.

af Hafnarlífinu og skrifaði: „að þeir sæki allir gæfuna hingað, tel jeg óvíst“.⁷⁹ Hann lét vera að kynnst þeim og tók ekki þátt í neinu félagastarfi um veturinn sem hafði verið honum svo mikilvæg á árum áður. Einmanakennd einkenndi seinustu bréf Þorláks.

Síðasta bréf Þorláks til Jakobínu er dagsett 9. nóvember 1897. Það er í raun og veru ekki merkilegt fyrir aðrar sakir en þær hve lítið hann skrifaði um sína eigin hagi í því. Hann hélt sig mestmegnis við ósk Jakobínu að fá Jón Þorkelsson til að skrifa eftir Grím. Um líðan sína skrifaði hann ekkert, og fyrir utan heimsókn til Jóns Þorkelsson sagði hann ekki frá neinum kunningjum, vinum eða heimsóknnum, sem hann var jafnan iðinn við að segja frá. Þögnin getur sagt okkur að Þorlákur hafi viljað halda í samskipti við Jakobínu en hlífði henni á sama tíma við að segja henni allt af létta, slíkt hefði verið of sársaukafullt þeim báðum, eins og ég hef áður bent á var sannleikurinn ekki markmið bréfaskrifanna.⁸⁰ Þorlákur féll í síki aðfaranótt aðfangadags í Kaupmannahöfn 1897 og fannst látinn nokkru seinna.⁸¹

Seinustu tvö ár Þorláks í Kaupmannahöfn voru honum mjög erfið. Sjálfsmynd hans sem Íslending átti í vök að verjast og sífellt fækkaði í hóp vina og vandamanna. Þegar Grímur lést bættist við djúp skömm yfir því að geta ekki orðið Jakobínu að liði og honum fannst sem hann væri byrði á henni, sem bjó við kröpp kjör. Þrátt fyrir það hélt hann eftir megninu í grímu áhyggjuleysis allt þar til yfir lauk, enda honum mikilvægt að hún hefði ekki áhyggjur af sér.

6 Niðurstöður

Þorlákur Jónsson var einn úr hópi Hafnarstúdenta sem sóttu litla gæfu til Kaupmannahafnar, og því er bréfasafn hans mikilvæg heimild í samhengi við umræðu um þá Hafnarstúdenta sem urðu „Hafnarlífinu“ að bráð. Í gegnum bréfaskrif hans má fylgjast með honum vaxa úr grasi og greina bæði sjálfsmynd og andlega líðan.

Í innganginum lagði ég upp með að greina sjálfsmynd Þorláks í sendibréfum Þorláks heim til Íslands, og þá sérstaklega með hliðsjón af andlegri vanlíðan og depurð. Ég benti á þrástef sem koma fram hjá Þorláki, þ.e. vanmáttarkennd yfir því að vera Íslendingur í erlendri borg, áhyggjur af félagslegri hæfni, hvort sem það er klæðaburður eða að farast heimsóknir illa úr hendi og sjálfsásakanir og skömm yfir því að hafa ekki klárað próf í samhengi við það sem hann kallaði sína eigin eðlislægu leti. Um slíkt er

⁷⁹ *Lbs.* 4959 4to. Þorlákur Jónsson til Jakobínu Jónsdóttur Thomsen 21. september 1897.

⁸⁰ Sjá David A. Gerber, „Acts of Deceiving and Withholding in Immigrant Letters“, bls. 321.

⁸¹ Ísland „Ísland erlendis“, 2. febrúar 1898, bls. 18.

ekkert hægt að fullyrða, en því má velta fyrir sér hvort honum var þjálfa að nota hið kunnuglega stef úr heimi sendibréfa, leti, en að greina frá öðrum ástæðum fyrir námserfiðleikum sínum á borð við vanlíðan, depurð eða þunglyndi.

Sjálfsmynd Þorláks var í upphafi bréfaskrifanna úr Lærða skólanum góð og hann sendi bréf, sem einkennast af sjálfsöryggi og raunsærri sýn á eigin getu, þótt þau séu ekki laus við sjálfsgagnrýni. Hann þekkti það af eigin raun að hann komst í gegnum erfiðleika á endanum. Þetta má t.d. greina í bréfi Þorláks til móður sinnar eftir að þau missa föður og eiginmann. Í upphafi Hafnarlífs Þorláks má greina keimlík bréfaskrif, hann virðist upptekinn við að hitta vini og vandamenn þótt honum finndist lítið til hæfileika sinna á því sviði koma og gerðist liðtækur í félagsstarfi. Það má greina nokkuð óöryggi á fyrstu árum hans í Kaupmannahöfn, sem lutu að námsvali hans, samskiptahæfileikum og hugmynd Þorláks um leti sína, en þær áhyggjur virðast eðlilegar miðað við það sem síðar varð.

Það urðu vatnaskil þegar Þorlákur þurfti að játa sig sigraðan vegna peningaleysis og leita heim frá Kaupmannahöfn án þess að hafa lokið prófi. Þegar hann reyndi við nám sitt í annað skiptið var komið annað hljóð í strokkinn. Áhyggjurnar af peningaleysi höfðu margfaldast og hann skammaðist sín fyrir allan þann tíma sem hann hafði eytt í Kaupmannahöfn án þess að það bæri ávöxt. Kunningjar og vinir voru flestir farnir heim aftur, með próf uppá vasann, og eftir sat Þorlákur og safnaði skuldum. Þegar þarna var komið var hann orðinn annar en pilturinn sem hafði komið til Kaupmannahafnar í byrjun áratugarins. Hann hætti að heimsækja fólk í Kaupmannahöfn sem hefði getað verið honum til aðstoðar, sömuleiðis hætti hann að sækja félagslíf, veigraði sér við því að skrifa bræðrum sínum bréf og egndist yfir bagalegum fréttum að heiman af löndum sínum og sárnaði álitid á Íslendingum. Flest bréfin endurspegluðu áhyggjur af hinu eða þessu sem virtist yfirþyrmandi og Þorlákur barðist við djúpa andlega vanlíðan. Þegar Grímur Thomsen dó bættust við miklar áhyggjur Þorláks af Jakobínu og sektarkennd yfir því að hann bæri á einhvern hátt ábyrgð á kröppum kjörum hennar. Aldrei áður hafði eins mikið verið í húfi. Hvort að álagið varð honum loksins um megn getum við aldrei sagt, en í gegnum heim sendibréfa Þorláks getum við greint breytingu á sjálfsmynd hans eftir ítrekaða ósigra á leið sinni „að verða að manni“.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Handritasafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafn (Lbs.)

Lbs. 3174 4to. Bréf Jakobínu Jónsdóttur Thomsen og Gríms Thomsen.

Lbs. 4959 4to. Bréf Þorláks Jónssonar.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn (Lbs-Hbs.) Námsritgerðir

Lbs-Hbs. Valgerður Hirst Baldurs, „kyssi þig í hljóði vinarkossi“. Rómantísk vinátta í bréfum Matthíasar Jochumssonar til Steingríms Thorsteinssonar og rými karla til tjáningar tilfinninga. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2020.

Aðrar óprentaðar heimildir

Vef. Æviágrip þingmanna frá 1845, Althingi.is, „Jón Sigurðsson“ [Sótt 4.ágúst 2020].

Prentaðar heimildir

Aðalgeir Kristjánsson, *Nú heilsar þér á Hafnarslóð. Ævir og örlög í höfuðborg Íslands 1800-1850* (Reykjavík 1999).

Davíð Ólafsson, „Í frásögur færandi“, *Burt - og meir en bæjarleið. Dagbækur og persónuleg skrif vesturheimsfara á síðari hluta 19. aldar* (Reykjavík 2001), bls. 71-128.

Erla Hulda Halldórsdóttir, „Framfaravonir og veruleiki Jakobínu Jónsdóttur“, *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi* (Reykjavík 2001), bls. 162-174.

Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfreðarstöðum. Hagnýting skriftarkunnáttu 1817-1829.“ *Saga 51* (2013), bls. 57-91.

Erla Hulda Halldórsdóttir, *Nútímans konur. Menntun kvenna og mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903* (Reykjavík 2011).

Erla Hulda Halldórsdóttir, „The Narrative of Silence.“ *Life Writing 7* (2010), bls. 37-50.

Gerber, David, „Acts of Deceiving and Withholding in Immigrant Letters: Personal Identity and Self-presentation in Personal Correspondence.“, *Journal of Social History 39* (2005), bls. 315-30.

- Gunnar Karlsson, *Frelsisbarátta Suður-þingeyinga og Jón á Gautlöndum* (1977 Reykjavík).
- Gunnar Karlsson, Guðmundur Hálfðanarson, Sigríður Matthíasdóttir, og Magnús Guðmundsson, *Aldarsaga Háskóla Íslands 1911-2011* (Reykjavík 2011).
- Hafnarstúdentar skrifa heim. Sendibréf 1825-1836 og 1878-1891*. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar og skrifaði inngang. Íslensk sendibréf 4 (Reykjavík 1963).
- Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs. Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*. Ritstjóri Gunnar Karlsson (Reykjavík 2003).
- Ingólfur Ásgeir Jóhannesson, „Leitað að mótsögnum. Um verklag við orðræðugreiningu“, *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Ritstjóri Rannveig Traustadóttir (Reykjavík 2006), bls. 178-195.
- Ísland 1898*.
- Jón Jónsson Aðils, „Hafnarlíf I-II“ *Eimreiðin 1* (1895), bls. 61-71.
- Jón Jónsson Aðils, „Hafnarlíf III-IV“ *Eimreiðin 1* (1896), bls. 20-30.
- Jón Jónsson Aðils, „Hafnarlíf V“ *Eimreiðin 2* (1897), bls. 136-144.
- Margrét Jónasdóttir, *Í Babýlon við Eyrarsund. Í félagsskap íslenskra stúdenta í Kaupmannahöfn 1893-1970* (Reykjavík 1996).
- Ólafur Arnar Sveinsson, „„Riffillinn er hinn besti vinur hermansins“. Átök um sjálfsmyndir íslensks vesturfara.“ *Ritið 1* (2014), bls. 59-81.
- Sigrún Alba Sigurðardóttir, „Tveir vinir. Tjáning og tilfinningar á nítjándu öld“, *Einsagan, ólíkar leiðir, átta ritgerðir og eitt myndlistaverk*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon (Reykjavík 1998), bls. 145-169.
- Sigurður Gylfi Magnússon, *Menntun, ást og sorg. Einsögurannsókn á íslensku sveitasamfélagi 19. og 20. aldar* (Reykjavík 1997).
- Stanley, Liz, „The Epistolarium: On Theorizing Letters and Correspondences.“ *Auto / Biography 12* (2004), bls. 201-35.